

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi óverulega breytingu á deiliskipulagi:

Áningarstaður í Eldhrauni, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Tillaga að breytingu frá gildandi skipulagi unnin í samráði við Kötlu Geopark og Vegagerðina gerir ráð fyrir að bílastæði, áningarstaður og salerni verði færð lengra inn í hraunið. Það er gert m.a. af öryggisástæðum til að draga úr því að ferðamenn gangi yfir hringveg. Hrauninu hefur verið raskað á þessu svæði með sinubruna og slæmri umgengni vegna aðstöðuleysis. Stígur að útsýnisstað er færður m.t.t. innmælinga á núverandi gönguslóða í maí 2015. Að öðru leyti eru ekki gerðar breytingar s.s. á fjölda bílastæða, rúrustæða og stærð byggingarreits.

Vik, 2. júní 2015.

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

Vigfús Þór Hróbjartsson, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2015